

Reglur um starfshætti Greiningar Íslandsbanka hf.

1. Markmið

- 1.1 Greining Íslandsbanka (Greining) heyrir undir framkvæmdastjóra Markaða. Forstöðumaður Greiningar hefur með höndum stjórn deildarinnar þ.m.t. ritstjórn þeirra upplýsinga sem Greining birtir og allan daglegan rekstur.
- 1.2 Markmið reglna þessara er að greiningar og fjárfestingarráðgjöf Greiningar sé sett fram á hlutlausan hátt, á skýru máli og hagsmunir Íslandsbanka komi skýrt fram þannig að fjárfestar geti metið framkomnar upplýsingar og tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingarkosti þá sem í boði eru.
- 1.3 Starfsmönnum Greiningar er skylt að kynna sér efni reglna þessara og þeirra laga og reglna sem um störf þeirra gilda, sbr. grein 8.1. og ber forstöðumaður Greiningar ábyrgð á að það sé gert.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:
 - a. Greiningu Íslandsbanka.
 - b. Starfsmenn Greiningar Íslandsbanka.
 - c. Aðila fjárhagslega tengda greinendum, þ.e. maka, sambúðarmaka, ófjárráða aðila sem eiga lögheimili á heimili greinanda, sbr. 16. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.
 - d. Eignarhaldsfélög greinenda og eignarhaldsfélög fjárhagslega tengdra aðila, sem og félög þar sem þeir geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Með eignarhaldsfélagi er í þessu ákvæði átt við félög sem er í eigu aðila, eins eða fleiri saman, sem falla undir reglur þessar.

Þegar talað er um greinendur í kafla 4.8. um viðskipti greinenda og vanhæfi, er einnig átt við viðskipti aðila fjárhagslega tengda greinendum, sem og eignarhaldsfélög greinenda og fjárhagslega tengdra aðila.

3. Orðskýringar

- 3.1. Í reglum þessum merkir:
 - a. **Greining:** Skýrsla, grein eða aðrar upplýsingar (munnlegar eða skriflegar), sem fela í sér eða gefa (beint eða óbeint) til kynna fjárfestingarráðleggingu varðandi tiltekna fjármálagerninga eða útgefendur þeirra (fjárfestingarráðgjöf), og sem unnar eru af sjálfstæðum greinanda, fjármálafyrirtæki eða öðrum aðila sem hefur það að meginstarfi að vinna að fjárfestingarráðgjöf.
 - b. **Fjárfestingarráðgjöf:** Persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir.
 - c. **Opinber fjárfestingarráðgjöf:** Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða



óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.

- d. **Markaðsefni:** Spár um verðbólgu, stýrivexti, gengi krónunnar, íbúðaverð og afkomu hlutafélaga ásamt fréttabréfi (Morgunkorn) o.þ.h.
- e. **Opinber birting:** Greining með fjárfestingarráðgjöf telst birt opinberlega sé hún, eða er líkleg til að verða, aðgengileg almenningi. Sé greiningu með fjárfestingarráðgjöf dreift til stórs hóps skal gera ráð fyrir því að upplýsingarnar séu líklegar til að verða aðgengilegar almenningi.
- f. **Greinandi:** Aðili sem vinnur að greiningum.
- g. **Innherjaupplýsingar:** Nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. 120. gr. laga nr. 108/2007.

4. Um starfshætti

- 4.1. Greining Íslandsbanka og starfsmenn Greiningar skulu gæta hlutleysis og fagmennsku í starfsemi sinni og störfum. Við framsetningu upplýsinga skal gæta jafnræðis og skal lögð sérstök áhersla á að upplýsingar sem birtar eru séu nákvæmar og skýrar. Til að fjárfestir geti metið framkomnar upplýsingar skal upplýsa um hagsmuni fjármálafyrirtækis og greinanda.
- 4.2. Greining birtir ekki greiningu á Íslandsbanka eða verðbréfum sem útgefin eru af bankanum eða félögum tengdum bankanum.
- 4.3. Þegar Íslandsbanki hefur verið umsjónaraðili við hlutfjárútbod í félagi, hvort sem um ræðir frumskráningu eða hlutfjárhækkun skráðs eða óskráðs félags skal Greining fylgja eftirfarandi viðmiðum við birtingu verðmats á félaginu:
 - 4.3.1. Verðmat skal tilgreina allar verðmyndandi upplýsingar, sem Greiningu er eða á að vera kunnugt um, sem fram hafa komið frá skráningu félagsins eða frá því að hlutfjárútbodi lauk.
 - 4.3.2. Verðmat skal fyrst birt þegar liðnir eru 60 dagar frá fyrsta viðskiptadegi með hlutabréf félagsins í kauphöll eða, í tilviki óskráðs félags, þegar liðnir eru 60 viðskiptadagar frá því útbodi lauk.
 - 4.3.3. Verðmat skal því eingöngu birt að eign Íslandsbanka sé minni en 5% af útistandandi hlutfé í félaginu og bein eign Íslandsbanka (þ.e. eign Íslandsbanka að frátöldum hlut dótturfélaga Íslandsbanka) sé ekki meiri að markaðsverðmæti en sem nemur 5% af eigin fé Íslandsbanka samkvæmt síðasta birta árs- eða árshlutauppgjöri Íslandsbanka.
- 4.4. Sé greinandi vanhæfur til að fjalla um ákveðinn útgefanda fjármálagernings eða fjárfestingakost skal hann tilkynna það forstöðumanni Greiningar og skal ekki starfa við verkefni því tengt. Forstöðumaður Greiningar skal þegar gera regluverði viðvart um vanhæfið.

Greinandi er vanhæfur hafi hann undir höndum innherjaupplýsingar. Greinandi getur einnig talist vanhæfur ef hann t.d. á verðbréf útgefin af útgefanda fjármálagernings sem fjalla skal um, hefur starfað hjá honum innan síðustu 12 mánaða, fær frá honum tekjur eða er tengdur honum að öðru leyti. Þá telst greinandi vanhæfur ef aðili fjárhagslega tengdur honum á verðbréf útgefin af útgefanda, hefur starfað hjá honum nýlega, starfar hjá honum, fær frá honum tekjur eða er tengdur honum að öðru leyti.

- 4.5. Greinandi skal ekki eiga viðskipti fyrir eigin reikning með verðbréf útgefanda, útgefanda í sömu atvinnugrein eða afleiður á þau verðbréf sem hann hefur umsjón með greiningu á. Forstöðumaður



Greiningar og aðrir sem ekki hafa formlega umsjón með greiningu en koma að henni á lokastigum eða þegar ljóst má vera hver niðurstaða hennar verður eða fá vitneskju um slíkt hið sama, er bannað að eiga viðskipti með umrædda fjármálagerninga, frá því ákvörðun er tekin um að hefja vinnu við greininguna þar til sólarhring eftir birtingu greiningarinnar. Forstöðumaður Greiningar skal þegar gera regluverði viðvart, teljist hann vanhæfur samkvæmt þessari grein.

- 4.6. Greiningar skulu vera rökstuddar, þannig að gerð skuli grein fyrir forsendum fjárfestingarráðgjafar þegar greining er birt. Þegar birtar eru stytta útgáfur eða fréttir af greiningu skal vísað til þess hvar greininguna má nálgast í heild sinni, ásamt rökstuðningi.
- 4.7. Ekki skal veita utanaðkomandi aðila aðgang að greiningu í vinnslu. Reynist það hins vegar nauðsynlegt skal takmarka aðganginn eins og kostur er og skal niðurstöðu greiningarinnar haldið leyndri þó annað efni greiningarinnar berist utanaðkomandi.

Dæmi um utanaðkomandi aðila sem gætu fengið aðgang að greiningu í vinnslu eru útgefendur fjármálagerninga eða starfsmenn annarra deilda fjármála fyrirtækis sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði. Sé greiningu breytt vegna athugasemda útgefanda fjármálagernings við slíkan yfirllestur skal halda sérstaklega utan um þær breytingar og ástæður þeirra. Reynist nauðsynlegt að fá starfsmanni annarrar deildar greiningardrög til yfirllestur, skal heimild fengin hjá regluverði áður en starfsmaður fær drögin til yfirllestur. Regluvörður heldur skrá yfir slík tilvik sbr. 8. grein laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur bankans um hagsmunaárekstra.

- 4.8. Greining skal aðgreind í rými frá öðrum starfsviðum. Hvers konar aðgangur að rafrænum upplýsingum, sem varða starfsemi greiningar skal vera öðrum starfssviðum bankans með öllu lokaður. Einstakir starfsmenn bankans í áhættustýringu, viðskiptaveri, innri endurskoðun, í lögfræðideild og regluvörslu geta þó haft aðgang að slíkum upplýsingum vegna starfa sinna. Þó skal aðgangur slíkra starfsmanna takmarkaður við þá starfsmenn sem þess þurfa vegna starfa sinna. Með rafrænum upplýsingum er átt við hverskonar gögn á tölvutæku formi, sem varða vinnu starfsmanna Greiningar hverju sinni.
- 4.9. Tekjur starfsmanna Greiningar Íslandsbanka mega ekki tengjast afkomu eða árangri einstakra verkefna eða öðrum deildum bankans svo sem fyrirtækjaráðgjöf.
- 4.10. Greining skal vista, með skipulegum hætti, afrit af öllum greiningum unnum af deildinni og halda yfirlit um birtingarform og tímasetningu greininga.

5. Um greiningarvinnu

- 5.1. Áður en hafist er handa við greiningu skal gengið úr skugga um hvort hagsmunaárekstrar séu eða kunni að vera til staðar. Ganga þarf úr skugga um það hvort Íslandsbanki eigi hagsmuni í útgefanda verðbréfa eða í verðbréfum útgefnum af honum, beint eða óbeint. Einnig skal gæta að slíkum hagsmunum starfsmanna Greiningar, forstöðumanns Greiningar og annarra starfsmanna Íslandsbanka (og fjárhagslega tengdra aðila) sem kunna að koma að greiningunni á einhverju stigi, fá vitneskju um hana eða niðurstöðu hennar áður en greiningin er birt. Regluverði skal send tilkynning þegar vinna hefst við greiningu. Koma skal fram hvaða útgefanda eða verðbréf skal greina, nafn greinanda og áætluð verklok. Þremur dögum fyrir birtingu greiningar skal regluverði send tilkynning um ætlaða birtingu, sbr. verklagsreglu um framkvæmd greiningar. Regluvörður getur frestað opinberri birtingu greininga Íslandsbanka um ótilgreindan tíma.



Íslandsbanki

- 5.2. Greining Íslandsbanka skal í geta á áberandi hátt um hagsmuni eða hagsmunaárekstra sem tengst geta greiningunni eða vísa til slíkrar umfjöllunar sem fjárfestar geta nálgast á auðveldan hátt, s.s. á heimasíðu Íslandsbanka. Yfirlýsingin skal ná til allra tengsla og aðstæðna sem vænta má að geti haft áhrif á hlutleysi Íslandsbanka, greinanda og annarra starfsmanna Íslandsbanka sem kunna að vinna við greininguna og/eða þeim sem verður eða kann að verða kunnugt um hana eða niðurstöðu hennar áður en hún er birt, s.s. fjárhagslegra tengsla, stjórnunarlegra tengsla, tengsla vegna viðskiptahagsmuna eða annarra eignatengsla.

Tilvísun til umfjöllunar á heimasíðu Íslandsbanka skal vera á áberandi stað. Þess skal gætt að viðkomandi upplýsingar séu ávallt uppfærðar.

- 5.3. Gæta skal að því að kröfum laga, reglugerða og reglna sé framfylgt, hvað varðar framsetningu og lágmarksinnihald efnis. Hafa skal hliðsjón af samantekt regluvörslu um Efni Greiningar, dagsett maí 2012.

6. Birting greininga

- 6.1. Greining Íslandsbanka skal gæta jafnræðis við opinbera birtingu greininga. Með opinberri birtingu er verið að tryggja jafnræði fjárfesta sem hyggjast byggja fjárfestingarákvarðanir sínar á þeim.
- 6.2. Tímasetning á birtingu greininga getur haft þýðingu fyrir trúverðugleika Íslandsbanka og verðbréfamarkaðarins í heild vegna hagsmuna og hugsanlegra hagsmunaárekstra Íslandsbanka. Við birtingu greininga og fjárfestingarráðgjafar skal Greinandi, í samráði við forstöðumann Greiningar, leggja mat á hvort tilkynningar sem kunnugt er að verði birtar á verðbréfamarkaði, en teljast ekki innherjauplýsingar, eigi að hafa áhrif á tímasetningu birtingar.

Í ofangreindu felst að Greining Íslandsbanka birti ekki greiningar á tímabili þar sem Íslandsbanki er umsjónaraðili útboðs eða hefur annarra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af útboðinu. Lokað tímabil hefst þegar útboðgengi er gert opinbert og er það í gildi á meðan útboðið er opið.

- 6.3. Greining sem ekki er ætluð til almennrar dreifingar (almenningi) skal rækilega merkt sem slík og þess vandlega gætt að hún sé aðeins afhent þeim sem hún er ætluð.
- 6.4. Afhending Greiningar til valins hóps viðskiptavina getur talist opinber birting og ber að meðhöndla sem slíka, nema skýrslan sé eingöngu ætluð þeim hópi og merkt þannig, sbr. grein 6.3.

7. Eftirlit

- 7.1. Forstöðumaður Greiningar hefur eftirlit með reglum þessum. Regluvarsla veitir forstöðumanni ráðgjöf við túlkun og framkvæmd reglnanna.
- 7.2. Regluvörður skal halda utan um tilkynningar um vanhæfi greinenda sem tilkynntar eru til hans sbr. grein 4.3. og 4.4. Kjósi Íslandsbanki að hafa takmarkandi lista fyrir greinendur skal regluvörður hafa yfirumsjón með þeim.

Takmarkandi listi: Þegar fjármálagerningur eða útgefandi fjármálagernings er settur á takmarkandi lista er Greiningu Íslandsbanka óheimilt að veita greiningar um viðkomandi útgefanda eða fjármálagerning. Dæmi um ástæður þess að fjármálagerningur eða útgefandi fjármálagernings fari á takmarkandi lista er þegar birtingartími greiningar getur skaðað trúverðugleika Íslandsbanka.

- 7.3. Regluvörður heldur skrá utan um greiningar í vinnslu sbr. tilkynningar þar um, sbr. grein 5.1.
- 7.4. Regluvörður skal hafa eftirlit með því að afriti af öllum greiningum sé haldið til haga ásamt upplýsingum um birtingarform og útgáfudag.

8. Yfirlýsing greinanda

- 8.1. Greinendur skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka, sambúðaraðila eða samvistaraðila sínum reglur þessar og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með reglum þessum. Hafi maki, sambúðaraðili eða samvistaraðili starfsmanns undirritað yfirlýsingu vegna reglna á grundvelli starfs síns sem greinandi hjá öðru fjármálafyrirtæki en Íslandsbanka skulu ákvæði þeirra reglna gilda um viðskipti viðkomandi.

9. Gildi

- 9.1. Reglur þessar öðlast gildi við undirritun forstöðumanns Greiningar og framkvæmdastjóra Markaðsviðskipta. Að öðru leyti en greinir í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglugerð 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og reglur nr. 1013/2007 um opinbera fjárfestingaráðgjöf.

Þess skal gætt að reglur þessar séu aðgengilegar viðskiptavinum Íslandsbanka.

Reykjavík, júní 2013


Forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka


Bankastjóri Íslandsbanka